# Fyrirtækjaskrá

**Hlutafélagaskrá - Samvinnufélagaskrá - Sjálfseignarstofnanaskrá - Firmaskrá**
Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík

## Austurlistinn

**Kt: 670498-2129**

**Viðtakandi:** Skúli Björnsson
**Póstfang:** Fjósakambi 14
701 Egilsstaðir

**Lögheimili:** Fjósakambi 14
701 Egilsstaðir

**Útgefið:** 18.5.2022

**Ísat flokkun:**
**94.92.0** Starfsemi stjórnmálasamtaka

**Rekstrarform:** Stjórnmálasamtök

**Stjórn:**

| | |
|---|---|
| 280876-5939 | Jóhann Hjalti Þorsteinsson, Hléskógum 8, 700 Egilsstaðir, *stjórnarformaður* |
| 250957-4409 | Jón Halldór Guðmundsson, Múlavegi 59, 710 Seyðisfjörður, *meðstjórnandi* |
| 300561-2099 | Bergþóra Birgisdóttir, Steinum 13, 765 Djúpivogur, *meðstjórnandi* |
| 080589-3609 | Tinna Jóhanna Magnusson, Sólgarði, 720 Borgarfjörður eystri, *varamaður* |
| 020282-5339 | Bjarki Borgþórsson, Austurvegi 17, 710 Seyðisfjörður, *varamaður* |

**Prókúruumboð:**

| | |
|---|---|
| 250957-4409 | Jón Halldór Guðmundsson, Múlavegi 59, 710 Seyðisfjörður |

**Tilgangur:** Tilgangur félagsins er að styðja við og bjóða fram lista félagshyggjufólks til sveitastjórnar. Einnig að halda uppi öflugri umræðu og þátttöku í mótun samfélags til framtíðar á starfssvæði félagsins sem er Borgarfjörður, Djúpivogur, Fljótsdalshérað og Seyðisfjörður.

Móttekið
22. apríl 2022

Samþykktir

1. gr. Nafn félagsins, starfsvæði, starfstöð og heimilisfang.
Nafn félagsins er Austurlistinn. Starfssvæði þess er sveitarfélagið Múlaþing. Varnarþing er í Múlaþingi. Heimilisfang er að heimili gjaldkera hverju sinni. Starfstöð er heimili stjórnarformanns hverju sinni.

2. gr. Markmið félagsins.
Markmið félagsins er að standa fyrir umræðu um málefni sveitarfélagsins í anda félagshyggju og jafnréttis og bjóða fram til sveitarstjórnar Múlaþings á þeim grundvelli.

3. gr. Félagsaðild.
Félagi getur hver sá orðið sem hefur náð 16 ára aldri og hefur búsetu á starfsvæði félagsins. Inntökubeiðni skal koma formlega á framfæri við stjórn félagsins. Í henni skal koma fram nafn, kennitala, heimilisfang og netfang (ef það er fyrir hendi) hins nýja félaga. Úrsögn úr félaginu skal á sama hátt tilkynna formlega til stjórnar félagsins. Þá telst félagi sem ekki stendur í skilum með félagsgjald tvö ár í röð, sjálfkrafa hættur í félaginu.

4. gr. Árgjald.
Árgjald til félagsins skal ákveðið á aðalfundi hvert ár. Skal það innheimt með gíróseðli eða á annan ótvíræðan hátt eigi síðar en í júní á viðkomandi tekjuári. Heimilt er stjórn að afla félaginu styrktaraðila, og skal hún þá ákveða tillög þeirra.

5. gr. Félagsfundir.
Félagsfundir skulu haldnir eftir ákvörðun stjórnar hverju sinni, og skulu þeir boðaðir með tölvupósti og tilkynningu á samfélagsmiðlum félagsins a.m.k. tveimur dögum fyrir fundardag. Félagsfundir eru lögmætir sé löglega til þeirra boðað. Allir skráðir félagar hafa málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á félagsfundum. Stjórn er skylt að boða til félagsfundar ef fimmtungur félagsmanna senda um það erindi til stjórnar.

6. gr. Aðalfundur.
Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald þess. Stjórn skal boða til aðalfundar og skal til hans boðað með tölvupósti og tilkynningu á samfélagsmiðlum félagsins með að minnsta kosti viku fyrirvara. Skal fundurinn haldinn í síðasta lagi 15. apríl ár hvert. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Verkefni aðalfundar skulu meðal annars vera:
- Skýrsla stjórnar og sveitarstjórnarfulltrúa.
- Félagaskrá – breyting frá síðasta aðalfundi.
- Afgreiðsla reikninga næstliðins reikningsárs, sem er almanaksárið.
- Lagabreytingar, ef um það koma fram formlegar tillögur.
- Ákveða árgjald félagsmanna fyrir næsta ár.
- Kjósa stjórn, varamenn, skoðunarmenn reikninga og endurskoðendur til eins árs í senn.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á félagsfundum, nema þegar um lagabreytingu sé að ræða. Lagabreytingar verða eingöngu afgreiddar á aðalfundi og þarf 2/3 atkvæða til að samþykkja þær. Tillögur að lagabreytingum skal getið í fundarboði.

7. gr. Stjórn, varastjórn, skoðunarmenn reikninga, endurskoðendur og skipulag félagsins.
Stjórn félagsins skal skipuð þremur einstaklingum, formanni, gjaldkera, ritara sem jafnframt er varaformaður.
Stjórn skal kosin í einu lagi á aðalfundi til eins árs í senn.
Aldursforseti stjórnar boðar til fyrsta stjórnarfundar eftir aðalfund og skiptir stjórnin þá með sér verkum.
Í varastjórn skulu kosnir tveir einstaklingar til eins árs.

Kjörtímabil endurskoðanda og skoðunarmanna reikninga er 15. april til 14. apríl, eitt ár í senn. Kosið skal samkvæmt tilnefningum og skal kosning vera skrifleg ef tilnefningar koma fram um fleiri en nemur þeim embættum sem kosið er til hverju sinni. Kjörgengir til stjórnar, varastjórnar og skoðunar reikninga, eru allir skráðir félagar. Auk þess er heimilt að kjósa skoðendur reikninga úr hópi utanfélagsmanna.

Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar. Gjaldkeri fer með prókúru nema stjórn ákveði annað.

Verkefni stjórnar skulu vera að:

- stýra málefnum félagsins á milli aðalfunda.
- vera málssvari félagins út á við.
- stýra kosningabaráttu félagsins.
- vera hvati í innra starfi félagsins
- innheimta árgjöld hafi þau verið ákveðin á aðalfundi
- afla framlaga í kosningasjóð.
- varðveita sjóði og gögn félagsins.

Stjórnarfundi skal halda svo oft sem stjórn ákveður og þurfa þykir.

Engar flokkseiningar eru skráðar.

8. gr. Slit félagsins.

Félaginu verður aðeins slitið ef skrifleg tillaga þess efnis berist stjórn og skal hún þá kynnt félagsmönnum fyrir næsta aðalfund. Til að slíta félaginu þurfa 2/3 hlutar félagsmanna að samþykkja tillögu þar um. Ef félaginu er slitið skal ráðstafa eignum félagsins til góðgerðarmála í Múlaþingi samkvæmt ákvörðun slitafundar.

9. gr. Önnur ákvæði.

Þar sem ákvæði þessara samþykkta segja ekki til um hvernig skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmálasamtaka svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Samþykkt á aukaaðalfundi, 19.4.2022.

VM N

F, A, D,

670498-2129

Skatturinn
Fyrirtækjaskrá

Móttekið
22. april 2022
Skatturinn

# Tilkynning um breytingu á nafni

| | |
|---|---|
| Skráð nafn fyrirtækis | Austurlistinn - samtök félagshyggjufólks á Borgarfirði, Djúpavogi, Fljótsdalshéraði og |
| Kennitala | 6704982129 |

| | |
|---|---|
| Nýtt nafn fyrirtækis | Austurlistinn |

Framangreint nafn félagsins er skráð með þeim fyrirvara að það brjóti ekki í bága við rétt annarra til nafnsins. Undirritaðir skuldbinda sig til að hlutast til um nafnbreytingu, komi í ljós við nánari athugun að nafn félagsins fái ekki samrýmst betri rétti annarra. Hlutafélagaskrá áskilur sér rétt til að taka nafn af skrá ef svo er og undirritaðir skirrast við að láta breyta nafni að kröfu skrárinnar.

**Ehf./Hf.** Leggja þarf fram nýjar samþykktir í heild sinni dagsettar þann dag er hluthafafundur samþykkti nafnabreytingu og skal tilkynningin berast fyrirtækjaskrá innan mánaðar frá hluthafafundi. Tilkynning og samþykktir skulu undirritaðar af meirihluta stjórnar eða skráðum prókúruhafa.

**Sf./Slf.** Leggja þarf fram nýjan félagssamning í heild sinni dagsettan þann dag er félagsfundur samþykkti nafnabreytingu og skal tilkynning berast fyrirtækjaskrá innan mánaðar frá félagsfundi. Félagssamningur skal undirritaður af öllum félagsmönnum.

**Undirritanir** (Skráður prókúruhafi eða meirihluti stjórnar. Sé ekki stjórn eða prókúruhafi hjá sf./slf. skulu allir félagsmenn undirrita tilkynninguna).

| | |
|---|---|
| Staður og dagsetning | Múlaþingi 20.04.2022 |

**Tilkynning skal berast innan mánaðar frá fundi**

| Nafn | Kennitala | Netfang |
|---|---|---|
| Jóhann Hjalti Þorsteinsson | 2808765939 | johann.hjalti@gmail.com |
| Jón Halldór Guðmundsson | 250957-4409 | JonHalldor57@gmail.c |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |

**Tilkynningargjald 3.500 kr. - staðgreiðist eða greiðist inn á reikning:**
**Ríkisskattstjóri, kt. 540269-6029, reikningur 0515-26-723000. Kvittun þarf að fylgja.**
**2.000 kr. gjald er vegna félagasamtaka.**
**ATH. Félag greiðir aðeins eitt gjald óháð fjölda breytinga á eyðublöðum 17.40-17.49.**

Skatturinn
Fyrirtækjaskrá

Móttekið
22. apríl 2022
Skatturinn

# Tilkynning um breytingu félagasamtaka í stjórnmálasamtök

**Skv. lögum nr. 162/2006**

| Nafn samtakanna | Austurlistinn | Kennitala | 6704982129 |
|---|---|---|---|
| Heimilisfang | Múlavegi 59 | | |
| Póstnúmer 710 | | Sveitarfélag | Múlaþingi |
| Netfang | johann.hjalti@gmail.com austurlistinn@gmail.com | | |

**Stjórn félagsins skipa samkvæmt fundi (dagsetning):** 23.01.2022

**Formaður stjórnar**

| Nafn | Kennitala | Netfang |
|---|---|---|
| Jóhann Hjalti Þorsteinsson | 2808765939 | johann.hjalti@gmail.com |

**Meðstjórnendur**

| Nafn | Kennitala | Netfang |
|---|---|---|
| Jón Halldór Guðmundsson | 2509574409 | jonhalldor57@gmail.com |
| Bergþóra Birgisdóttir | 3005612099 | buland@simnet.is |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |

**Varamenn**

| Nafn | Kennitala | Netfang |
|---|---|---|
| Bjarki Borgþórsson | 0202825339 | bjb1@hi.is |
| Tinna Jóhanna Magnusson | 0805893609 | tinnamagnusson@gmail.com |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |

**Framkvæmdastjóri**

| Nafn | Kennitala | Netfang |
|---|---|---|
| | | |

**Prókúruhafar**

| Nafn | Kennitala | Netfang |
|---|---|---|
| Jón Halldór Guðmundsson | 2509574409 | jonhalldor57@gmail.com |
| | | |

**Firmaritun (skv. samþykktum)**

Meirihluti stjórnar félagsins

Staður og dagsetning Múlaþingi 20.04.2022

**Með tilkynningunni þurfa eftirfarandi gögn að fylgja:**

- **Yfirlit yfir flokkseiningar og hlutverk þeirra**
- **Samþykktir samtakanna, undirritaðar af a.m.k. meirihluta stjórnar eða prókúruhafa**

**Meirihluti stjórnar skal undirrita umsóknina. Með undirritun er því jafnframt lýst yfir að þær upplýsingar sem koma fram í umsókninni séu réttar og þeir sem tilgreindir eru hafi rétt til að skuldbinda (firmaritun) samtökin að lögum.**

| Nafn | Kennitala |
|---|---|
| Jóhann Hafþór Þorsteinsson | 2808765939 |
| Jón Halldór Guðmundsson | 250957-4409 |
| | |

**Tilkynningargjald 2.000 kr. - staðgreiðist eða greiðist inn á reikning:**
**Skatturinn, kt. 540269-6029, reikningur 0515-26-723000. Kvittun þarf að fylgja.**

Múlaþingi 20.4.2022

Yfirlýsing stjórnar Austurlistans:

Stjórn Austurlistans staðfestir að engar flokkseiningar eru til staðar hjá Austurlistanum.

Heimilisfang er Múlavegur 59, 710 Seyðisfirði.

Starfstöð Hléskógar 8, e.h., 700 Egilsstöðum.

Móttekið
22. apríl 2022
Skatturinn

Aukaaðalfundur Austurlistans – samtaka félagshyggjufólks í Múlaþingi

Haldinn í fjarfundi á Teams 19. apríl 2022

Formaður stjórnar, Jóhann Hjalti Þorsteinsson setti fundinn kl: 17:00 og bar upp að Hildur Þórisdóttir stýrði fundi og að Ásdís Hafrún Benediktsdóttir ritaði fundinn.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá

1. Lagabreytingar
   Formaður kynnti tillögu að breytingum á samþykktum og helstu breytingar sem þarf að gera til að hægt sé að skrá Austurlistann sem stjórnmálasamtök en það er forsenda þess að sveitarfélagið styrki stjórnmálaflokka skv. 5 gr. laga nr. 162/2006 með síðari breytingum.

Eldri samþykkt var gerð á stofnfundi 9.2.2020.

*Fyrsta grein var svo hljóðandi:*

*Félagið heitir Austurlistinn – samtök félagshyggjufólks á Borgarfirði, Djúpavogi, Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði.*
*Heimili þess er hjá stjórnarmanni og varnarþing er á Egilsstöðum.*

*Hún verður svona:*

***1.gr. Nafn félagsins, starfsvæði, starfstöð og heimilisfang.***

***Nafn félagsins er Austurlistinn. Starfssvæði þess er sveitarfélagið Múlaþing. Varnarþing er í Múlaþingi. Heimilisfang er að heimili gjaldkera hverju sinni. Starfstöð er heimili stjórnarformanns hverju sinni.***

*Önnur grein var svo hljóðandi:*

*Markmið félagsins er að styðja við og bjóða fram lista félagshyggjufólks til sveitarstjórnar. Einnig að halda uppi öflugri umræðu og þáttöku í mótun samfélags til framtíðar á starfsvæði félagsins sem er Borgarfjörður, Djúpivogur, Fljótsdalshérað og Seyðisfjörður.*

*Hún verður svona:*

***2.gr. Markmið félagsins.***
***Markmið félagsins er að standa fyrir umræðu um málefni sveitarfélagsins í anda félagshyggju og jafnréttis og bjóða fram til sveitarstjórnar Múlaþings á þeim grundvelli.***

*Þriðja grein var svo hjóðandi:*

*Félagi getur hver sá orðið, sem orðinn er 16 ára og hefur búsetu á starfsvæði félagsins.*

*Fjórða grein var svo hljóðandi:*

*Inntökubeiðni skal koma formlega á framfæri við stjórn félagsins. Í henni skal koma fram nafn, kennitala, heimilisfang og netfang (ef það er fyrir hendi) hins nýja félaga.*

AHM

*Fimmta grein var svo hljóðandi:*

*Úrsögn úr félaginu skal á sama hátt tilkynna formlega til stjórnar félagsins. Skla hún vera skrifleg sé þess óskað. Þá telst sá félagi sem ekki stendur í skilum með félagsgjöld tvö ár í röð, sjálfkrafa hættur í félaginu.*

*Þriðja, fjórða og fimmta grein verða saman að einni:*

***3. gr. Félagsaðild.***
***Félagi getur hver sá orðið sem hefur náð 16 ára aldri og hefur búsetu á starfsvæði félagsins. Inntökubeiðni skal koma formlega á framfæri við stjórn félagsins. Í henni skal koma fram nafn, kennitala, heimilisfang og netfang (ef það er fyrir hendi) hins nýja félaga. Úrsögn úr félaginu skal á sama hátt tilkynna formlega til stjórnar félagsins. Þá telst félagi sem ekki stendur í skilum með félagsgjald tvö ár í röð, sjálfkrafa hættur í félaginu.***

*Sjötta grein var svo hljóðandi:*

*Árgjald til félagsins skal ákveðið á aðalfundi þess hvert ár. Skal það innheimt með gíróseðli eða á annan ótvíræðan hátt eigi síðar en í júní viðkomandi tekjuári. Heimilt er stjórn að afla félaginu styrktaraðila, og skal hún þá ákveða tillög þeirra.*

*Hún verður svona:*

***4. gr. Árgjald.***
***Árgjald til félagsins skal ákveðið á aðalfundi hvert ár. Skal það innheimt með gíróseðli eða á annan ótvíræðan hátt eigi síðar en í júní á viðkomandi tekjuári. Heimilt er stjórn að afla félaginu styrktaraðila, og skal hún þá ákveða tillög þeirra.***

*Sjöunda grein var svo hljóðandi:*

*Félagsfundir skulu haldnir eftir ákvörðun stjórnar hverju sinni, og skulu þeir boðaðir með tilkynningu a.m.k. tveimur dögum fyrir fundardag. Félagsfundir eru lögmætir sé löglega til þeirra boðað. Allir skráðir félagar hafa málfrelsi, tillögurétt og atkvæðarétt á félagsfundum.*

*Hún verður svona:*

***5. gr. Félagsfundir.***
***Félagsfundir skulu haldnir eftir ákvörðun stjórnar hverju sinni, og skulu þeir boðaðir með tölvupósti og tilkynningu á samfélagsmiðlum félagsins a.m.k. tveimur dögum fyrir fundardag. Félagsfundir eru lögmætir sé löglega til þeirra boðað. Allir skráðir félagar hafa málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á félagsfundum. Stjórn er skylt að boða til félagsfundar ef fimmtungur félagsmanna senda um það erindi til stjórnar.***

*Áttunda grein var svo hljóðandi:*

*Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í málefnum þess. Stjórn skal boða til aðalfundar og skal til hans boðað með auglýsingu í staðarmiðli og tölvupósti með að minnsta kosti fimm daga fyrirvara. Skal fundurinn haldinn í síðasta lagi 15. apríl ár hvert. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.*
*Verkefni aðalfundar skulu meðal annars vera:*

- *Skýrsla stjórnar og sveitarstjórnarfulltrúa.*
- *Félagaskrá – breyting frá síðasta aðalfundi.*
- *Afgreiðsla reikninga næstliðins reikningsárs sem er almanaksárið.*

- *Lagabreytingar, ef um það koma fram formlegar tillögur.*
- *Ákveða árgjald félagsmanna fyrir næsta ár.*
- *Kjósa stjórn og skoðunarmenn reikninga.*

*Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á félagsfundum, nema um lagabreytingu sé að ræða. (sjá 12. gr.)*

*Tólfta grein var svo hljóðandi:*

*Lögum þessum má aðeins breyta á lögmætum aðalfundi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða.*

*Áttunda og tólfta verða saman að einni:*

***6. gr. Aðalfundur.***
***Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald þess. Stjórn skal boða til aðalfundar og skal til hans boðað með tölvupósti og tilkynningu á samfélagsmiðlum félagsins með að minnsta kosti viku fyrirvara. Skal fundurinn haldinn í síðasta lagi 15. apríl ár hvert. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Verkefni aðalfundar skulu meðal annars vera:***

- ***Skýrsla stjórnar og sveitarstjórnarfulltrúa.***
- ***Félagaskrá – breyting frá síðasta aðalfundi.***
- ***Afgreiðsla reikninga næstliðins reikningsárs, sem er almanaksárið.***
- ***Lagabreytingar, ef um það koma fram formlegar tillögur.***
- ***Ákveða árgjald félagsmanna fyrir næsta ár.***
- ***Kjósa stjórn, varamenn, skoðunarmenn reikninga og endurskoðendur til eins árs í senn.***

***Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á félagsfundum, nema þegar um lagabreytingu sé að ræða. Lagabreytingar verða eingöngu afgreiddar á aðalfundi og þarf 2/3 atkvæða til að samþykkja þær. Tillögur að lagabreytingum skal getið í fundarboði.***

*Nýjunda grein var svo hljóðandi:*

*Stjórn félagsins skal skipuð þremur einstaklingum, formanni, gjaldkera, ritara sem jafnframt er varaformaður. Stjórn skal kosin í einu lagi. Aldursforseti boðar til fyrsta stjórnarfundar eftir aðalfund og skiptir stjórnin þá með sér verkum. Í varastjórn skulu kosnir tveir einstaklingar og tveir skoðendur reikninga. Kosið skal samkvæmt tilnefningum og skal kosning vera skrifleg ef tilnefningar koma fram um fleiri en nemur þeim embættum sem kosið er til hverju sinni.*
*Kjörgengi til stjórnar, varastjórnar og skoðunar reikninga eru allir skráðir félagar. Auk þess er heimilt að kjósa skoðendur reikninga úr hópi utanfélagsmanna.*

*Tíunda grein var svo hljóðandi:*

*Verkefni stjórnar skulu vera að:*

- *Stýra málefnum félagsins á milli aðalfunda.*
- *Vera málssvari félagsins út á við.*
- *Stýra kosningabaráttu félagsins.*
- *Vera hvati í innra starfi félagsins.*
- *Innheimta árgjöld hafi þau veirð ákveðin á aðalfundi.*
- *Afla framlaga í kosningasjóð.*
- *Varðveita sjóði og gögn félagsins.*

*Stjórnarfundi skal halda svo oft sem stjórn ákveður og þurfa þykir.*

*Nýjunda og tíunda grein verða saman að einni:*

***7. gr. Stjórn, varastjórn, skoðunarmenn reikninga, endurskoðendur og skipulag félagsins.***
***Stjórn félagsins skal skipuð þremur einstaklingum, formanni, gjaldkera, ritara sem jafnframt er varaformaður.***
***Stjórn skal kosin í einu lagi á aðalfundi til eins árs í senn.***
***Aldursforseti stjórnar boðar til fyrsta stjórnarfundar eftir aðalfund og skiptir stjórnin þá með sér verkum.***
***Í varastjórn skulu kosnir tveir einstaklingar til eins árs.***
***Kjörtímabil endurskoðanda og skoðunarmanna reikninga er 15. apríl til 14. apríl, eitt ár í senn.***
***Kosið skal samkvæmt tilnefningum og skal kosning vera skrifleg ef tilnefningar koma fram um fleiri en nemur þeim embættum sem kosið er til hverju sinni. Kjörgengir til stjórnar, varastjórnar og skoðunar reikninga, eru allir skráðir félagar. Auk þess er heimilt að kjósa skoðendur reikninga úr hópi utanfélagsmanna.***
***Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar. Gjaldkeri fer með prókúru nema stjórn ákveði annað.***
***Verkefni stjórnar skulu vera að:***

- ***stýra málefnum félagsins á milli aðalfunda.***
- ***vera málssvari félagins út á við.***
- ***stýra kosningabaráttu félagsins.***
- ***vera hvati í innra starfi félagsins***
- ***innheimta árgjöld hafi þau verið ákveðin á aðalfundi***
- ***afla framlaga í kosningasjóð.***
- ***varðveita sjóði og gögn félagsins.***

***Stjórnarfundi skal halda svo oft sem stjórn ákveður og þurfa þykir.***
***Engar flokkseiningar eru skráðar.***

*Ellefta grein var svohljóðandi:*

*Með tilkynningu leggi stjórn fram tillögu um slit félagsins, ráðstöfun eigna og skuldbindingu og löglega boðuðum skal það mál afgreitt eins og önnur mál.*

*Hún verður svona:*

***8. gr. Slit félagsins.***
***Félaginu verður aðeins slitið ef skrifleg tillaga þess efnis berist stjórn og skal hún þá kynnt félagsmönnum fyrir næsta aðalfund. Til að slíta félaginu þurfa 2/3 hlutar félagsmanna að samþykkja tillögu þar um. Ef félaginu er slitið skal ráðstafa eignum félagsins til góðgerðarmála í Múlaþingi samkvæmt ákvörðun slitafundar.***

*Þá var eftirfarandi grein bætt við:*

***9. gr. Önnur ákvæði.***
***Þar sem ákvæði þessara samþykkta segja ekki til um hvernig skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmálasamtaka svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.***

***Samþykkt á aukaaðalfundi, 19.4.2022.***

Breytingartillaga samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

2. Önnur mál
   Farið var yfir vinnuhópa á samfélagsmiðlum og ákveðið að skoða þá betur eftir kosningar.

Fundargerð færð í tölvu, lesin upp og samþykkt samhljóða með handauppréttingu í lok fundar.

Fundi lokið kl.  18:00

Mætt:

Hildur Þórisdóttir

Ásdís Hafrún Benediktsdóttir

Jóhann Hjalti Þorsteinsson

Snorri Emilsson

Kristjana Sigurðardóttir

Alda Marín Kristinsdóttir

Aðalsteinn Ásmundarson

Ævar Orri Eðvaldsson

Hildur Þórisd.

Ásdís H. Benediktsd.